

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Sunnubrautar 12 í Akratorgsreit.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 15. nóvember 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni Sunnubraut 12 í Akratorgsreit á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að hárrí rishæð er breytt í þriðju hæð með lágu risi og eykst nýtingarhlutfallið á lóðinni úr 0,6 í 0,74.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. nóvember 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2005